

49 Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir suðuramtinu um eptirgjöf á lands-*
 4. apríl. *skuld af þjóðjörðum.* — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 2. þ. m., hafið þjer sent hingað og lagt undir úrskurð landshöfðingja tillögu umboðsmanns Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs, um að ábúendunum á þjóðjörðunum Slýjum og Eystri-Lyngum verði um 3 ára tímabil, talið frá fardögum 1882, veitt hin sama afgjalds-
 linun og þeim með brjefi landshöfðingja, dags. 30. apríl 1879, var veitt um hið næst undanfarandi 3 ára tímabil, en það var 25 álna eptirgjöf af landskuld þeirra hvors um sig Einars Ólafssonar og Sveins Sveinssonar á Slýjum og 15 álna eptirgjöf í landsskuld Ólafs Sveinssonar á Eystri-Lyngum, þannig að helmingur eptirgjafarinnar var reiknaður með 16. aur. fyrir hverja alin, en helmingurinn eptir meðalverði allra meðalverða á verðlagsskránni.

Út af þessu skal yður, herra amtmaður, þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leið-
 beiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, að landshöfðinginn samþykkist hjermeð ofangreindar tillögur.

50 Brjef landshöfðingja til *stiptysfirvaldanna yfir Íslandi um framkvæmd á landa-*
 9. apríl. *merkjalögnum með tilliti til kirkjueigna.* — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. f. m., hafa stiptysfirvöldin sent mjer erindi prófastsins í Húnavatnsprófastsdæmi, innihaldandi fyrirspurnir um ýms atriði viðvíkjandi framkvæmd á landamerkjalogum 17. marz f. á. að því er snertir kirkjueignir, og beiðst leiðbeiningar landshöfðingjans um það, hvernig svara beri hinum umræddu fyrirspurnum, sem lúta að þeim atriðum, er nú skal greina:

1. Hvort prestar, þótt þeir geti talizt með «umsjónarmönnum» og «umráðamönnum» þeim, sem nefndir eru í 1. og 3. gr. laganna sjeu skyldir að stefna til merkjadóms eptir 7. gr., ef sá, er land á til móts við prestinn, vill ekki samþykkja merkjalýsing hans.
2. Hvernig að skuli fara, þegar kirkjujarðir ligga í öðrum sveitum, með tilliti til þess að skrásetja merkjalýsingu og sýna hana hverjum þeim, sem land á til móts, en í þessu efni sje valt að eiga undir leiguliðunum, og þeir er land eiga umhverfis sjeu ef til vill í fjarska, en leiguliðar þeirra vilji ef til vill einhverra orsaka vegna ekki undirskrifa; hvort prestum, þegar þannig er ástatt, sje skylt að fara lengra, án tillits til þess hvort kostnaðurinn fáiast endurborgaður.
3. Hvort prestar upp á sitt eindæmi hafi heimild til að sættast upp á það, að nokkuð gangi undan kirkjunum, er þeim ef til vill kunnir að vera eignað í lítt merkum og ósamhljóða lögfestum, þó um lítilræði sje að gjöra, eða hvort þeir, ef einhver granni sýni merkjalýsing til samþykktar, hafi heimild til að samþykkja hana, án þess að geyma prófasti og stiptysfirvöldunum rjett til samþykkis.
4. Hvort ágreiningi um landamerki beri að stefna til hinna lögskipuðu sáttanefnda áður en beiðst er merkjadóms.
5. Hvort prestur ekki fái fría málssókn eða borgun til sjálfs hans eða umboðsmanns við rekstur málsins, ef honum er stefnt til merkjadóms sem varnaraðila, eða hann skyldast til að stefna grönnum sem málsaðili.
6. Hvort prestar fái ekki þanu kostnað endurgoldinn er útheimtist til að gjöra glögg landamerki, eins og umboðsmönnum sje heitið í landshöfðingjabrjefi 28. júlí f. á.

Um þetta efni skal jeg þjónustusamlega tilkynna stiptysfirvöldunum það, er nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Um 1. spurn. Ákvarðanirnar í 1. og 3. grein landamerkjaloganna um skylduna til

að halda við glöggum landamerkjum jarða og til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum, verða að heimfærast upp á prestana sem umsjónarmenn og umráðamenn 9. apríl. 50
kirkjujarðanna.

Um 2. spurn. Þótt það kunnir að vera nokkrum erfiðleikum bundið fyrir prestana að uppfylla ákvarðanir laganna í hinu umspurða tilliti, geta þeir ekki komið hjá að gegna þeirri almennu skyldu, er lögin leggja þeim á herðar, án tillits til þess, hvar jarðirnar liggja, enda virðist þeim ekki vera ofætlun að gefa leiguliðum sínum svo nákvæma leiðbeiningu, að ekki verði öllu meiri vandkvæði á framkvæmd laganna, þegar þannig er ástátt, sem hjer er gjört ráð fyrir, en annars.

Um 3. spurn. Í því tilfalli, sem hjer er um rætt, ber prestunum að skýra prófastinum frá málavöxtum, og á hann síðan að leggja undir úrlausn stiptsyfirvaldanna, hvað gjöra skuli, ef spurning er um að nokkuð gangi undan kirkjueigninni.

Um 4. spurn. Úrlausn þessarar spurningar heyrir undir dómstólana, en meðan slík úrlausn ekki er fengin, má álitast óhultara að kæra hin hjer um ræddu mál fyrir sættanefnd, eptir hinum almennu reglum um einkamál.

Um 5. spurn. Reglurnar í lögum um gjafsóknir 12. júlí 1878 virðast einnig eiga að heimfærast upp á landamerkjumál.

Um 6. spurn. Prestarnir, sem eru usufructuarii kirkjueignanna, virðast ekki eiga heimtingu á að fá neina borgun fyrir að gegna þeirri skyldu, er þeim er lögð á herðar í 1. grein landamerkjumlaganna.

Brjef landshöfðingja til forstöðunefndar sparisjóðs Álptanesshrepps um hlunnindi 51
handar sparisjóði Álptanesshrepps. — Eptir að hafa meðtekið bónarbrjef yðar, dags. 4. 14. apríl. þ. m., hefi jeg, samkvæmt tilskipun 5. jan. 1874 um hlunnindi fyrir sparisjóði á Íslandi, veitt sparisjóði Álptanesshrepps öll hlunnindi þau, er getur um í nefndri tilskipun um 5 ára tímabil, er teljist frá 11. júní þ. á., þó með þeim skilyrðum: að ábyrgð sú, er stofnendur sjóðsins, sem eptir skýrslu gjaldkera 31. marz þ. á. eru 10 að tölu, hafa eptir 2. grein samþykktar 27. nóvbr. 1875 tekist á hendur, ekki skerðist, að ákvarðananna um reikningsskil í samþykkt sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að send sju landshöfðingja á ári hverju eptirrit af reikningum hans; svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri breytingu, er kynni að verða gjörð á samþykktinni frá 27. nóvbr. 1875, og frá því, ef skipti verða á stofnendum sjóðsins, samkvæmt 2. og 3. grein samþykktarinnar.

Þetta er yður hjer með tjáð sem formanni í forstöðunefnd ofangreinds sparisjóðs.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um fæðing- 52
arhrepp þurfalings. — Hreppsnefndin í Vindhælishreppi hefir áfrýjað hingað úrskurði, 18. apríl. sem þjer, herra amtmaður, hafið fellt 21. júní f. á., en eptir honum ber nefndum hreppi að endurgjalda fátækra sjóði Akureyrarkaupstaðar 118 kr. 52 a., sem tjeður sjóður hefir til bráðabirgða greitt fyrir sjúkdómslegu stúlkunnar Vilhelminu Kristínar Sigurðardóttur á Akureyri vorið 1879.

Vilhelminu þessi er óskilgetin dóttir Ólafar Jónsdóttur og fædd á Hjaltabakka í Torfalækjarhreppi 29. júní 1854. Var Ólöf móðir hennar vinnuhjú á Skagaströnd í Vindhælishreppi vistarárið 1853—54, og ef til vill vistráðin á sama stað til næsta hjúarárs, en þegar það kom fram, að hún var þunguð, var hún látin fara úr vist sinni nokkru fyrir krossmessu vorið 1854 og vistarráðunum fyrir 1854—55 þá um leið ript-